

Samkomulag
um
breytingar á kjarasamningi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Félags íslenskra náttúrufræðinga

1. grein

Samningstími

Síðast gildandi kjarasamningur aðila framlengist til 30. apríl 2008 og falli þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2. grein

Laun

Laun sky. gr. 1.1.1 hækki sem hér segir:

1. mars 2005	4,50%
1. janúar 2006	2,50%
1. janúar 2007	2,25%
1. janúar 2008	2,00%

3. grein

Ný launatafla og þróun launakerfis

Ný launatafla 2,60% 1. maí 2006, (sjá fylgiskjal 2). Aðlögun stofnanasamninga að nýrri launatöflu skal lokið fyrir þann tíma. Tryggt skal að enginn lækki í mánaðarlaunum fyrir dagvinnu við yfirfærslu í nýja launatöflu.

Styrking/þróun launakerfis 2,00% 1. maí 2007.

Það hlutfall sem samið er um til launaþróunar í hinum miðlæga kjarasamningi fari óskipt til stofnunar og þar verði í samstarfsnefnd samið um hvernig það greinist á hin mismunandi störf.

4. grein

Launaþrep

Grein 1.2 tekur breytingum frá og með 1. maí 2006 og verður svohljóðandi:

1.2 Launaþrep

1.2.1 Í launatöflu eru 5 þrep og raðast starfsmaður eftir aldri sem hér segir:

1. þrep: yngri en 30 ára
2. þrep: frá 30 ára aldri
3. þrep: frá 35 ára aldri
4. þrep: frá 40 ára aldri
5. þrep: frá 45 ára aldri

Þrep reiknast frá upphafi næsta mánaðar eftir afmælisdag.

5. grein

Núverandi orðalag greinar 1.3 falli niður frá og með 1. maí 2006. Við hana bætist nú ný málsgrein er verði fyrsta málsgrein frá og með 1. maí 2006 svohljóðandi:

Sérstök tímabundin umbun. Heimilt er að greiða sérstaka tímabundna umbun umfram mánaðarlaun fyrir dagvinnu skv. gr 1.1.1 samanber fylgiskjal 1.

6. grein

Tímakaup í dagvinnu

Tímakaup í dagvinnu er 0,615% af mánaðarkaupi í hverjum launaflokki og þrepi.

7. grein

Desemberuppbót

Desemberuppbót á samningstímanum verði sem hér segir:

Á árinu 2005 kr. 39.700

Á árinu 2006 kr. 40.700

Á árinu 2007 kr. 41.800

8. grein

Orlofskafli

4.2.2 Orlofsuppbót

Orlofsuppbót á samningstímanum verði sem hér segir:

Á árinu 2005 kr. 21.800

Á árinu 2006 kr. 22.400

Á árinu 2007 kr. 23.000

Á árinu 2008 kr. 23.600

Grein 4.6.1 verður svohljóðandi frá upphafi samningstímans:

4.6.1 Veikist starfsmaður í orlofi, telst sá tími sem veikindum nemur ekki til orlofs enda sanni starfsmaður með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofs.

Tilkynna skal yfirmanni án tafar með sannanlegum hætti ef um veikindi eða slys í orlofi er að ræða.

9. grein

Slysatryggingar

Bætur vegna slysa í starfi hækka, sbr. samkomulag við heildarsamtök opinberra starfsmanna.

Sett verði inn ákvæði um rétt til að krefja vinnuveitanda í stað skjólstaðings, sbr samkomulag við heildarsamtök opinberra starfsmanna.

10. grein

Fjölskyldu - og styrktarsjóður

Iðgjald samkvæmt gr. 14.4.1 hækki úr 0,41% í 0,55% og niður falli gr. 14.1.2, sbr samkomulag við heildarsamtök opinberra starfsmanna.

11. grein

Ákvæði um gildistíma og forsendur í 17. kafla verða sem hér segir:

17 Gildistími og sammingsforsendur

17.1 Gildistími

17.1.1 Kjarasamningur þessi gildir frá 1. mars 2005 til 30. apríl 2008 og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

17.2 Sammingsforsendur

17.2.1 Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma sammings þessa skal aðilum heimilt að segja launalið sammingsins upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning.

Reykjavík, 18. mars 2005

F.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

**Bókanir
með
samkomulagi
um
breytingar á kjarasamningi
fjármálaráðherra
og
Félagi íslenskra náttúrufræðinga
undirrituðum 18. mars 2005**

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að forsendur séu gjörbreyttar frá því sem gengið var út frá við gerð samkomulags fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SFR og FÍN hins vegar um greiðslur til félagsmanna fyrir þá daga sem þeir eru í rannsóknarferðum á sjó, frá 27. febrúar 1981 og samkomulags um vinnutíma náttúrufræðinga á Veiðimálastofnun við störf fjarri föstum vinnustað, frá 18. september 1981.

Með vísan til greinar 11.1.3.2 eru aðilar sammála um að í tengslum við aðlögun stofnanasamnings að nýrri launatöflu fyrir 1. maí 2006 verði samstarfsnefndum viðkomandi stofnana falið að semja sérstaklega um greiðslur til félagsmanna FÍN fyrir þá daga sem þeir eru annars vegar í rannsóknarferðum á sjó og hins vegar við störf fjarri föstum vinnustað. Við þá samningsgerð verði sérstakt tillit tekið til þeirra breytinga sem hafa orðið á vinnutímakafla hins miðlæga kjarasamnings

Þar til að um annað hefur verið samið í viðkomandi stofnanasamningum skulu fyrrgreind samkomulög halda gildi sínu.

Bókun 2

Í sameiginlegri yfirlýsingu BHM/BSRB annars vegar og SNR hins vegar dags. 16. febrúar 2005 var ákveðið að farið skyldi í gagngera endurskoðun á málefnum vaktavinnustarfsmanna með það að markmiði að bæta vinnufyrirkomulag þeirra og gera vaktavinnuna eftirsóknarverðari. Aðilar samnings þessa munu beita sér fyrir því að á þeim vettvangi verði sérstaklega fjallað um bakvaktir og launagreiðslur vegna útkalla og vinnu á bakvöktum.

Bókun 3

Á þeim stofnunum þar sem endurtekin frávík frá ákvæðum um 11 klst. lágmarkshvöld verða skal í samstarfsnefnd fara yfir frávikin og ákveða hvort og til hvaða ráðstafana skal grípa til að koma í veg fyrir endurtekningu.

Í því skyni að efla vinnuvernd eru aðilar sammála um að kynna fyrir stofnunum og starfsmönnum gildandi ákvæði kjarasamningsins um vinnutíma, við hvaða aðstæður frávík frá lágmarkshvöld geta komið til álita og hvernig háttáð skuli skipulagi lágmarksorlofs í þessu samhengi.

Aðilar eru sammála um að beita sér hvor á sínu sviði fyrir því að sú endurskoðun sem fram kemur í 17. gr., samnings um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, undirrituðum 23. janúar 1997, komi til framkvæmda.

Bókun 4

Náist ekki samkomulag samkvæmt grein 3 samkomulags þessa, annars vegar um að aðlögun stofnanasamnings að breyttri launatöflu sé lokið fyrir 1. maí 2006 og hins vegar að styrking og þróun launakerfis sé lokið fyrir 1. maí 2007, skulu viðbótarfulltrúar í samstarfsnefnd samkvæmt grein 11.2.4 skera úr í þeim málum. Gildir ákvörðun þeirra frá framangreindum dagsetningum.

Bókun 5

Í ljósi þeirra umræðna um breytingar á hlutverki trúnaðarmanna sem átt hafa sér stað á vettvangi heildarsamtaka opinberra starfsmanna sem og væntanlegri heildarendurskoðun á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eru aðilar ásáttir um að vinna frekar að skilgreiningu á stöðu og hlutverki trúnaðarmanna á vettvangi heildarsamtakanna og þá m.a. í tengslum við endurskoðun fyrrgreindra laga.

Bókun 6

Aðilar eru sammála um að þegar úttekt á áhrifum nýs launakerfis er lokið, sbr. yfirlýsingu fjármálaráðherra 5. júlí 1997, muni aðilar taka hana til frekari umfjöllunar og eftir atvikum setja fram tillögur um viðbrögð.

Bókun 7

Til að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda, stuðla að faglegri gerð og virkri framkvæmd stofnanasamninga, munu samningsaðilar sameiginlega beita sér fyrir fræðslu trúnaðarmanna, samstarfsnefnda og forstöðumanna stofnana.

Bókun 8

Í ljósi þeirrar takmörkunar á rétti starfsmanna ríkisins til að velja sér lífeyrissjóð eru aðilar sammála um beita sér fyrir því að slíkt valdi ekki erfiðleikum þegar nýir starfsmenn, sem verið hafa sjóðfélagar í öðrum sjóðum, koma til starfa hjá stofnunum ríkisins.

FYLGISKJAL 1
með
samkomulagi
um
breytingar á kjarasamningi
fjármálaráðherra
og
Félagi íslenskra náttúrufræðinga
undirrituðum 18. mars 2005

1. Samninganefnd ríkisins og Félag íslenskra náttúrufræðinga eru sammála um að hrinda úr vör sérstöku verkefni þar sem þeim stofnunum sem félagsmenn FÍN vinna hjá verði heimilt í stofnanasamningi að semja um og/eða beita árangurstengdu matskerfi til að umbuna náttúrufræðingum sem skila stofnun sinni mjög árangursríku starfi. Slík kerfi skulu vera byggð á raunverulegum árangri sem er til hagsbóta fyrir afkomu stofnunarinnar.
2. Umbun á þessum grunni skal ávallt vera tímabundin og greidd með sérmerktri launategund.
3. Stofnanir sem nýta sér þessa heimild skulu gæta þess að slík matskerfi séu hlutlæg og vel kynnt og nái einnig a.m.k. að einhverju marki til starfsmanna sem sinna fyrst og fremst stöðstarfsemi.
4. Setji fjármálaráðherra reglur um viðbótarlaun á grundvelli 2. mgr. 9. gr. 1. nr. 70/1996 á samningstímanum skal samkomulag þetta endurskoðað. Leiði slík endurskoðun ekki til samkomulags getur hvor aðili um sig sagt samkomulagi þessu upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Komi til þess getur hvor aðila um sig jafnframt óskað endurskoðunar á stofnanapætti kjarasamnings skv. gr. 11.1.3.
5. Telji annar hvor aðila að sá tilgangur sem að var stefnt með þessu sérstaka verkefni hafi ekki náð fram að ganga getur hvor aðili um sig sagt samkomulagi þessu upp miðað við áramót með þriggja mánaða fyrirvara í fyrsta lagi áramótin 2006-2007. Falla þá frá sama tíma öll ákvæði stofnanasamninga sem byggja á samkomulagi þessu úr gildi. Komi til þess getur hvor aðila um sig jafnframt óskað endurskoðunar á stofnanapætti kjarasamnings skv. gr. 11.1.3.
6. Með þessu samkomulagi er mælt til þess að allar stofnanir sem njóta starfskrafta náttúrufræðinga skoði möguleikana á matskerfum af þessum toga.

FYLGISKJAL 2
með
samkomulagi
um
breytingar á kjarasamningi
fjármálaráðherra
og
Félagi íslenskra náttúrufræðinga
undirrituðum 18. mars 2005

	< 30ára	30 ára	35 ára	40 ára	45 ára
Lfl.	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep
01	200.000	203.000	206.045	209.136	212.273
02	206.045	209.136	212.273	215.457	218.689
03	212.273	215.457	218.689	221.969	225.299
04	218.689	221.969	225.299	228.678	232.108
05	225.299	228.678	232.108	235.590	239.124
06	232.108	235.590	239.124	242.711	246.352
07	239.124	242.711	246.352	250.047	253.798
08	246.352	250.047	253.798	257.605	261.469
09	253.798	257.605	261.469	265.391	269.372
10	261.469	265.391	269.372	273.413	277.514
11	269.372	273.413	277.514	281.677	285.902
12	277.514	281.677	285.902	290.191	294.544
13	285.902	290.191	294.544	298.962	303.446
14	294.544	298.962	303.446	307.998	312.618
15	303.446	307.998	312.618	317.307	322.067
16	312.618	317.307	322.067	326.898	331.801
17	322.067	326.898	331.801	336.778	341.830
18	331.801	336.778	341.830	346.957	352.161
19	341.830	346.957	352.161	357.443	362.805
20	352.161	357.443	362.805	368.247	373.771
21	362.805	368.247	373.771	379.378	385.069
22	373.771	379.378	385.069	390.845	396.708
23	385.069	390.845	396.708	402.659	408.699
24	396.708	402.659	408.699	414.829	421.051
25	408.699	414.829	421.051	427.367	433.778
26	421.051	427.367	433.778	440.285	446.889
27	433.778	440.285	446.889	453.592	460.396
28	446.889	453.592	460.396	467.302	474.312
29	460.396	467.302	474.312	481.427	488.648
30	474.312	481.427	488.648	495.978	503.418
31	488.648	495.978	503.418	510.969	518.634
32	503.418	510.969	518.634	526.414	534.310
33	518.634	526.414	534.310	542.325	550.460

Y F I R L Ý S I N G
með
samkomulagi
um
breytingar á kjarasamningi
fjármálaráðherra
og
Félagi íslenskra náttúrufræðinga
undirrituðum 18. mars 2005

Aðilar eru sammála um að ráðningarsamningur milli starfsmanns og stofnunar sé sá grundvöllur sem ákvarði réttarsamband þeirra í millum og það hafi engin áhrif á stöðu starfsmanns gagnvart beitingu ákvæða kjarasamnings eða laga hvernig fjár er aflað til að greiða laun starfsmannsins.